

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR REGINS HF. 2022

Aðalfundur Regins hf. var haldinn fimmtudaginn 10. mars 2022 í Rímu fundarsal, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, fundurinn hófst klukkan 16:00.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundarstjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar Tómas Kristjánsson setti fundinn. Stungið var upp á Óskari Sigurðssyni lögmanni sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Óskar Sigurðsson tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði til að Dagbjört Erla Einarsdóttir lögmaður yrði kjörin fundarritari. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verið boðað skv. 16. gr. samþykka félagsins með birtingu tilkynningar í Kauphöll og á heimasíðu félagsins þann 16. febrúar 2022 og auglýsinga í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 17. febrúar. Væri fundurinn því lögmaður aðalfundur félagsins. Fundarstjóri upplýsti um að mætt væri á aðalfundinn fyrir 62,4% hlutfjár.

3. Dagskrá:

Stjórnarformaður, Tómas Kristjánsson, flutti skýrslu stjórnar. Að því búnu fór forstjóri félagsins, Helgi S. Gunnarsson, yfir reikning félagsins vegna ársins 2021.

Allar tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum en þær voru eftirfarandi:

2. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2021.

3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2021:

Aðalfundur samþykkti að greiddur yrði arður til hluthafa vegna næstliðins rekstrarárs að fjárhæð 1.500 millj. kr. sem samsvarar 0,82 kr. fyrir hverja krónu nafnverðs útistandandi hlutfjár.

Hlutabréf sem viðskipti eru með frá og með 11. mars 2022 verða án arðsréttinda (arðleysisdagur). Miðað verður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 14. mars 2022 (arðsréttindadagur) hvað varðar rétt hluthafa til arðgreiðslu. Arður verður greiddur út þann 6. apríl 2022 (arðgreiðsludagur).

Að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu.

4. Starfskjarastefna:

Stjórnarformaður gerði grein fyrir framlagðri starfskjarastefnu sem var óbreytt frá fyrra ári. Aðalfundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu.

5. Heimild til kaupa á eigin hlutum:

Samþykkt var tillaga stjórnar um að veita heimild til að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu

og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglugerð nr. 630/2005 (viðauki).

6. Breyting á samþykktum félagsins.

Samþykktur var viðauki við samþykktir félagsins í kjölfar samþykktar 5. dagskrárliðs.

7. Kosning stjórnar félagsins:

Formaður tilnefningarnefndar, Guðfinna S. Bjarnadóttir, fór yfir skýrslu tilnefningarnefndar félagsins sem birt var samhliða aðalfundarboði.

Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

Benedikt Olgeirsson,
Bryndís Hrafnkelsdóttir,
Guðrún Tinna Ólafsdóttir,
Heiðrún Emilía Jónsdóttir,
Tómas Kristjánsson.

8. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að Ernst & Young ehf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, yrði kjörið endurskoðunarfyrtæki félagsins.

9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd, sé skipunartími nefndarmanna liðinn eða ef nefndarmaður hefur látið af störfum.

Eftirfarandi aðilar voru sjálfkjörin í tilnefningarnefnd félagsins:

Árni Gunnarsson
Guðfinna S. Bjarnadóttir
Ína Björk Hannesdóttir

10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarformaður: 760.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 380.000 kr. á mánuði.

Seta í undirnefndum stjórnar:

Nefndarmaður í starfskjaranefnd: 45.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd: 100.000 kr. á mánuði.

Formaður endurskoðunarnefndar: 160.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í tilnefningarnefnd: 60.000 kr. á mánuði.

Formaður tilnefningarnefndar: 95.000 kr. á mánuði.

11. Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.

Fundi slitið kl. 17:15

Óskar Sigurðsson, lögm.

Dagbjört Erla Einarsdóttir, lögm.